

10.09.2025 (#5 2025-2026) kl. 9:00

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Hörður Sigurðarsson, Elíabet Einarisdóttir**, og **Ragnar Fjalar Sævarsson** sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: **Sigríður Hallgrímsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Jón Axelsson.**

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundsins
2. Fjármál
3. Styrk umsóknir
4. Unglingaþjálfari
5. Uppskeruhátið
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjármál

Geir fór yfir fjármál ÞRÍ og sérstaklega yfir kostnað vegna tímatöku og dómgæslu. Umræða fór fram um hvernig áframhaldandi stuðningur ÞRÍ yrði háttað við félögin þegar kemur að keppnum. Hærri kostnaður skýrist að einhverju leiti að aukningu þátttakanda. Eina keppnin sem ekki er fjölgun á milli ára er Kópavogsprautin en það skýrist helst af því að margir sundkrakkar ákváðu að taka þátt saman í fyrri.

ÞRÍ getur nýtt afreksstyrkinn fyrir Guðlaugu Eddu en hún stefnir á þátttöku í Cascais og Kaliforníu.

3. Styrk umsóknir

Ragnar Guðmunds og Geir funduðu með Arnóri frá Fjölni um styrkumsóknir fyrir þríprautarfélag.

Það eru 3 sjóðir:

2 sjóðir undir UMFÍ. Annar vegar er það Fræðslu og verkefnasjóður, styrkir dómaranámskeið, þjálfaranámskeið (ekki almenn laun). Hins vegar er það Hvatningasjóður, sem styrkir t.d. fatlaða, tekjulægri hópa og minnihlutahópa. ÞRÍ ætlar að hveta öll félögin til að sækja um úr þessum sjóðum.

Þriðji sjóðurinn er undir Rannís, sem styrkir svo tækjakaup vegna barna- og unglingastarfs.

4. Unglingaþjálfari

Umræða um að setja af stað unglingaþjálfun í félögunum hefur verið upp í langan tíma. Þetta var sett inn í stefnu ÞRÍ sem send var til Europe Triathlon. Við þurfum að taka þetta skref.

Hugmynd að ÞRÍ ráði viðkomandi og ráðstafi til félaganna. Þessi einstaklingur yrði í upb 10-20% verktakastarfi. Manneskja með íþróttabakgrunn, eða námi.

Rannís sjóðurinn og UMFÍ styrkja báðir þjálfaramenntun. ÞRÍ getur sótt um Rannís sjóðinn.

5. Uppskeruhátið

Fyrsta helgin í nóvember í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal. 6. nóvember sem er fimmtudagur.

Samþykkt

6. Önnur mál

Margrét Ágústsdóttir er enn skráð sem prókúruhafi. Þurfum að skipta prókúrunni yfir á Rósfríð.

Samþykkt

Geir nefndi að það þyrfti að staðfesta dagsetningu fyrir næsta formannafund. Ákveðin var tímasetning þann 8. október kl 19:30.

Samþykkt

7. Næsti fundur

29. október 2025 kl 09:00

Samþykkt

Fundi slitið kl.10:06

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.